

**Ed.**

## **19. Frumvarp til laga**

[19. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

**Flm.: Helgi Seljan, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Eiður Guðnason.**

### **1. gr.**

Við 1. tl. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðist svo:  
Heimild þessi nái einnig til barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er endurflutt frá síðasta þingi og fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð: Á sínum tíma flutti fyrsti flm. þessa frv. ásamt öðrum frumvarp um að öll vinna hjá húseiningaverksmiðjum samsvarandi vinnu á byggingarstað yrði undanþegin söluskatti svo sem er um aðrar húsbýggingar.

Frv. var borið fram beinlínis til þess að koma á fullu jafnrétti hjá þeim, sem byggja verksmiðjuframleidd hús, samanborið við þá framkvæmdaaðila sem framkvæma allt á byggingarstað.

Þetta frv. náði ekki fram að ganga.

Hins vegar flutti þá v. fjármálaráðherra frv., sem lögfest var, en heimildin í þeim lögum einskorðast við íbúðarhús.

Þetta var vissulega mikilvægur áfangi og létu flm. fyrra frv. þar við sitja. Nú hefur orðið mikil aukning á verksmiðjuframleiddum húsum almennt og allt er það til hagsbóta fyrir byggingariðnaðinn í landinu og enn frekar fyrir húsbýggjendur og þá aðra er í byggingarframkvæmdum standa.

Til að fullt jafnrétti náist þarf víðtækari heimild, almenna og altæka, eins og var í upphaflegu frv. um mál þetta.

Flm. telja hins vegar að nú sé að næsta áfanga komið, þó ekki verði fullu jafnrétti náð.

Þar hljóta framkvæmdir, sem ríkið fjármagnar að miklu leyti, að vera í fremstu röð og því er í frv. fyrst og fremst að þeim framkvæmdum vikið.

Miðað við ákveðna eftirspurn á verksmiðjuframleiddu húsnæði til atvinnurekstrar — iðnrekstrar einkanlega, þykir flm. rétt að láta það fylgja með, enda um leið ákveðinn stuðningur við innlendan iðnað almennt.